



# Lokaskýrsla NetQues verkefnisins Menntun talmeinafræðinga í Evrópu Sameinaðir í fjölbreytileika

---

Net sem vinnur að því að samræma gæði menntunar og staðla í talmeinafræði í Evrópu (NetQues): marghliða fræðilegt og faglegt net

**26. september 2013**

Verkefni Nr. 177075-LLP-1-2010-1-FR-ERASMUSENWA



Ráðist var í NetQues verkefnið með stuðningi frá Evrópusambandinu. Verkefnið var einnig styrkt af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, ERASMUS Lifelong Learning Programme í gegnum Education Audiovisual & Culture Executive Agency

Skjalið með stöðlunum má afrita eða senda rafrænt með fullu samþykki NetQues

# **VIÐAUKI I Staðlar fyrir menntun talmeinafræðinga í Evrópu.**

**Helstu námsgreinatengdir og almennir færniþættir sem mynda sameiginlega staðla fyrir grunnmenntun talmeinafræðinga í Evrópu (NetQues, 2013)**

## VIÐAUKI I Staðlar fyrir menntun talmeinafræðinga í Evrópu.

Helstu námsgreinatengdir og almennir færniþættir sem mynda sameiginlega staðla fyrir grunnenntun talmeinafræðinga í Evrópu (NetQues, 2013)

Nýútskrifaður talmeinafræðingur þarf að vera fær um að:	
<b>Umfang starfsins</b>	prófa, greina og þjálfva einstaklinga með málþroskaröskun
	prófa, greina og þjálfva einstaklinga með kyngingarerfiðleika
<b>Mat og greining á tjáskipta- og kyngingarerfiðleikum. Skipulagning og framkvæmd íhlutunar</b>	greina frá niðurstöðum og taka þátt í mati og greiningu
	bera kennsl á áhrif mismunandi aðstæðna, umhverfi eða samhengi varðandi vandamál skjólstæðings
	greina og túlka niðurstöður nákvæmlega og fella upplýsingar úr ferilsögu og öðrum viðkomandi heimildum að niðurstöðum
	taka rökstuddar ákvarðanir til að hefja, halda áfram, breyta eða hætta við notkun valinna aðferða eða meðferðar og skrá ákvarðanatöku og rökstuðning á viðeigandi hátt
	skrifa skýrslu og skýra frá greiningarniðurstöðum munnlega, þar með taldar upplýsingar um greiningu og túlkun niðurstæðna
	koma auga á eyður í upplýsingum sem koma í veg fyrir að hægt sé að greina raskanir skjólstæðingsins, og verða sér úti um upplýsingar til að fylla í eyðurnar
	viðurkenna áhrif röskunar á andlega líðan, félagslega og heilsufarslega stöðu skjólstæðingsins og aðstandenda hans
	vísa skjólstæðingi til annarra sérfræðinga í tæka tíð og á viðeigandi hátt þegar nauðsyn krefur
	samlaga niðurstöður athugana öðrum viðeigandi upplýsingum til að setja fram markmið
	skilja rökstuðning og meginreglur sem liggja að baki tiltekinna aðferða í meðferð
	ræða langtíma niðurstöður og ákveða í samráði við skjólstæðinginn, hvort talþjálfun sé viðeigandi eða nauðsynleg með því að hafa lykilaðila með í þessum umræðum
	velja og skipuleggja viðeigandi og skilvirkar þjálfunaraðferðir með þátttöku lykilaðila úr umhverfi skjólstæðings
	skilja hlutverk annarra meðlima í þverfaglegu teymi og útbúta meðferðaráætlanir í samráði við þá
	útfæra viðeigandi meðferðartækni og nota viðeigandi efni og tækjabúnað
	taka rökstuddar ákvarðanir til að hefja, halda áfram, breyta eða hætta við notkun valinna aðferða eða meðferð og skrá ákvarðanatöku og rökstuðning á viðeigandi hátt
	skrá viðbrögð við íhlutun og breytingar sem verða á þjálfunaráætlunum
	skrá upplýsingar jafnóðum á læsilegan og nákvæman hátt í samræmi við faglegar og lagalegar kröfur og nota einungis viðurkennd hugtök
	safna upplýsingum, bæði eigindlegum og megindlegum, til að meta árangur meðferðar
	undirbúa skjólstæðing fyrir útskrift úr meðferð á viðeigandi hátt, fallast á að ljúka þjálfun með samþykki skjólstæðings og aðstandenda hans og fylgja starfsreglum viðeigandi stofnunar við skráningu ákvarðana
skilja hugtökin áhrif (e. efficacy) og skilvirkni (e. efficiency) í tengslum við afskipti talmeinafræðings	

Skjalið með stöðlunum má afrita eða senda rafrænt með fullu samþykki NetQues

<b>Forvarnir</b>	koma í veg fyrir vandamál sem tengjast tjáskiptum og kyngingarerfiðleikum (borða, drekka og kyngja) með því að veita snemmtæka íhlutun
<b>Fagleg þróun, símenntun og sérstök siðfræðileg ábyrgð</b>	skilja faglegt hlutverk og mörk talmeinafræðings
	fylgjast með siðareglum fagfélaga á landsvísu og/eða eins og vinnuveitandi mælir til um og/eða stjórnvöld
	þróa með sér fagvitund sem talmeinafræðingur með innsýn í núverandi færni og gefur svigrúm til frekari faglegrar þróunar hvort heldur sem er að starfa sem einstaklingur eða með öðrum (e. intrapersonal skills, communication skills)

<b>Nýútskrifaður talmeinafræðingur þarf að vera fær um að:</b>	
<b>Tilfinninga- og félagsleg færni</b>	sýna hegðun sem er heiðarleg, einlæg og áreiðanleg
	sýna samúð með skjólstæðingum og samstarfsmönnum
	vinna úr upplýsingum frá upplýsingagjafa á skilvirkan og skilningsríkan hátt
	veita nákvæm svör á auðskiljanlegan og tillitssaman hátt
	sýna félaglega færni svo sem ákveðni og samvinnu og færni í samningaviðræðum
	bera virðingu fyrir fjölbreytni og fjölmenningu
	sýna jákvæðni og virkni
	vera sjálfgagnrýnn og velta fyrir sér eigin frammistöðu
	sýna seiglu til að takast á við kröfur starfsins á þann hátt sem gerir honum kleift að viðhalda sjálfsvirðingu sinni og hafa stjórn á streitu
<b>Kerfisbundin færni</b>	taka ábyrgð á að þróa eigin þekkingu og færni alla æfi
	vinna sjálfstætt
	aðlaga hegðun sína og aðferðir að nýjum aðstæðum
	geta mótað skapandi og frumlegar lausnir við nýstárlegar aðstæður
	geta leitað í vísindatímaritum og fundið viðeigandi upplýsingar til að svara spurningu
<b>Færni í notkun tækja</b>	nota viðeigandi, árangurríka leikni og hæfni í skriflegum, munnlegum og sjónrænum samskiptum um upplýsingar og leiðsögn
	safna gögnum með ýmsum aðferðum þar á meðal í umfjöllunum um tímaritsgreinar, viðtölum, með spurningalistum og athugunum
	bera kennsl á mikilvæga þætti í vandamáli og benda á mögulegar lausnir
	tjá æskilegustu lausnina/ákvörðunina á auðskiljanlegan hátt og lýsa í grófum dráttum nauðsynlegum aðgerðum
	ber kennsl á áhættuþætti eða gildirur í tengslum við hverja mögulega lausn
	nota þekkingu til að velja viðeigandi lausnir fyrir tiltekna aðstæður
	greina upplýsingar til að draga viðeigandi ályktanir og þekkja áhrif þessara niðurstaðna
	samhæfa upplýsingar frá ólíkum aðilum til að velja viðeigandi viðbrögð eða til að svara spurningu
	geta notað lög og siðareglur í upplýsingastjórnun og geta verndað heildstæði (e. integrity), áreiðanleika (e. reliability) og gildi (e. authenticity) gagna
	geta skipt verkefnum í ákveðin þrep og gera tímaáætlanir með raunhæfum markmiðum að teknu tilliti til annarra þátta
	ná markmiðum eða skila verkefnum á tilætluðum tíma

Skjalið með stöðlunum má afrita eða senda rafrænt með fullu samþykki NetQues

## Heimildir

European Higher Education Area (1999) The Bologna declaration of 19 June 1999. Joint declaration of the European Ministers of Education. [http://www.bologna-bergen2005.no/Docs/00-Main\\_doc/990719BOLOGNA\\_DECLARATION.PDF](http://www.bologna-bergen2005.no/Docs/00-Main_doc/990719BOLOGNA_DECLARATION.PDF) Sótt 9.10.13

European Qualification Framework for lifelong learning (2005).  
[http://ec.europa.eu/education/policies/educ/eqf/com\\_2006\\_0479\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/education/policies/educ/eqf/com_2006_0479_en.pdf) Sótt 7.10.13

NetQues (2013) NetQues Projext report: Speech and Language Therapy Education in Europe: United in Diversity. [http://www.netques.eu/?page\\_id=1051](http://www.netques.eu/?page_id=1051) Sótt 12.1.14

*This publication reflects the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.*